

Stjórnarfundur hjá U.M.S.B. þriðjudagskvöldið 1. okt 2013 haldinn í Borgarnesi.

Mættir: Sigurður, Ásgeir, Aðalsteinn, Kristín og Pálmi framkvæmdastj.

- Sigurður les fundargerð síðasta fundar og hún er samþykkt.
- Heimasíða. - Pálmi fer yfir það og nefnir alhliða heimasíðu og e.t.v. með innra neti, áhugi er fyrir því. Pálma falið að halda áfram með það mál.
- Fundur um fyrirmyndarfélag/héraðssamband fyrirhugaður bráðlega.
- Heilsuvika – Latibær heldur latabæjarleika fyrir krakka 10 okt. Á heilsuviku er allt frítt nema þannað sé auglýst.
- Kynning á íþróttaiðkun barna og ungmenna er enn á döfinni en dagsetning ekki komin.
- Formannafundur – Dagskrá nærri tilbúin en vantar staðsetningu. Farið yfir dagskrárrög formannafundar.
- Starfsmenntanámskeið - áhugi er fyrir þeim en eftir er að móta stefnu UMSB í því gagnvart starfsmönnum sínum.
- K.P.M.G. vill koma einhverju skikki á bókhaldsmál félaga innan UMSB. Pálmi og Konráð skoða þaðbetur.
- Vallarmálin.- Knattspyrnudeildin hefur áhyggjur af vellinum og telur eins og fleiri að ekki sé þekking meðal starfsmanna íþróttamannvirkjanna á umhirðu vallanna. Spurning um að Golfararnir hafi þá þekkingu ? auk þess sem sárlega vanti verkstjóra yfir vellina sem hefur einhverja þekkingu eða getur a.mk. leitað til fagmanna
- Stóradansmálið. - Dansskólinn er byrjaður í umsjá Dansíþróttafélagsins en Eva Karen vill selja allt sem hún telur sig hafa lagt í húsnæðið. Pálmi er að útbúa leigusamninga vegna Hjálmakletts aðstöðunnar.
- Laganefndin. - Aðalsteinn segir hana hafa hist og farið talsvert yfir málið, þau vilja koma einhverju frá sér til félaganna í janúar.
- Sambandsþing UMFÍ 12.–13. okt í Stykkishólmi. Hrönn Jónsdóttir kemur til fundarins. Fulltrúar UMSB verða Sigurður, Pálmi, Hrönn, Ásgeir og Rósa Marinósdóttir. Sigurður sagði frá fundi sem hann og Pálmi fóru á í Reykjavík vegna þessa þings og tillögur lítilsháttar skoðaðar til undirbúnings.
- Næsti stjórnarfundur verður samkvæmt plani fyrsta þriðjudagskvöld í nóv þ.e. 5. nóv og formannafundurinn 23 okt.

Kristín Gunnarsd ritaði fundargerð.